



**Skólanámskrá**  
**Tjarnarsels**  
**2022-2025**

## Skólanámskrá Tjarnarsels

Tjarnarsel  
Tjarnargötu 19, Reykjanesbær  
Sími: 420 3100  
Netfang: tjarnarsel@tjarnarsel.is

## Efnisyfirlit

1.	Tjarnarsel	4
2.	Skólanámskrá	5
3.	Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna	6
4.	Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030	7
5.	Hugmyndafræði	8
6.	Leikur og nám	9
7.	Námsumhverfi	10
8.	Daglegt líf	11
9.	Aðlögun nýrra barna	12
10.	Sérkennsla	13
11.	Grunnþættir menntunar	-
12.	Námssvið leikskólans	14
	• Lýðræði og jafnrétti	15
	• Læsi og samskipti	16
	• Heilbrigði og vellíðan	19
	• Sjálfbærni og vísindi	21
	• Sköpun og menning	23
13.	Mat á námi og velferð barna	26
14.	Fjölskyldan og leikskólinn	-
15.	Hefðir og hátíðir	27
16.	Tengsl skólastiga	28
17.	Starfsáætlun	-
18.	Mat á leikskólastarfi	-
19.	Innra mat í leikskóla	-
20.	Ytra mat í leikskóla	29
21.	Heimildir	30

## Leikskólinn Tjarnarsel



Tjarnarsel er elsti leikskóli Reykjaneshæjar, hann tók til starfa 18. ágúst 1967. Í skólanum eru 76 börn á fjórum aldurskiptum deildum. Dvalartími barna getur verið fjórar til átta klukkustundir á dag, eftir óskum foreldra.

Áhersluþættir leikskólans eru mál og læsi, vettvangsferðir, umhverfismennt og útinám. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreyttan efnivið til listsköpunar og kubba af öllum stærðum og gerðum. Leikskólinn hefur sex sinnum tekið við Grænfánanum sem er viðurkenning Landverndar fyrir umhverfismennt í skólum. Hugmyndafræði leikskólans einkennist af því að allt nám geti farið fram í gegnum leik, jafnt innan veggja hans sem utan. Kenningar John Dewey liggja til grundvallar ásamt fleiri fræðimönnum og kennismíðum og má þar helsta telja Lev Vyigotsky, Ingrid Pramling og Josep Cornell.

## Skólanámskrá

Hér gefur að líta skólanámskrá sem byggir á grunni skólanámskrár frá árinu 2014 og 2017. Námskráin frá árinu 2014 kom út eftir mikla rýnivinnu og endurmat þar sem allir kennarar og starfsfólk skólans komu að. Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 lá þar til grundvallar. Hér gefur að líta 3. útgáfu sem byggir á sama grunni. Samhliða voru þemahefti skólans um grunnþætti menntunar endurskoðuð og komu þau út samhliða skólanámskránni í nýju formi. Það inniheldur markmið, leiðir og hugmyndir fyrir kennara til að vinna með grunnþættina á markvissan og faglegan hátt. Myndaðir voru stýrihópar undir forystu leikskólakennara skólans sem höfðu umsjón með ferlinu. Það fólst í að meta námskrána í samræmi við hugmyndafræði og stefnu, setja inn nýja áhersluþætti og taka aðra út sem áttu ekki við lengur.

### Starf leikskólans byggir á:

- Lögum um leikskóla frá árinu 2008.
- Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011
- Menntastefnu Reykjaneshæjar 2021-2030, Með opnum hug og gleði í hjarta.
- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna – í krafti fjölbreytileikans, áhersluþættir Reykjaneshæjar.
- Læsisstefnu Reykjaneshæjar frá árinu 2017.
- Fjölskyldustefnu Reykjaneshæjar.

Við endurskoðunina voru viðfangsefnið sem fyrr í samræmi við grunnþætti menntunar sem birtast í Aðalnámskrá leikskóla. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði & mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði & velferð og sköpun. Menntastefna Reykjaneshæjar 2021-2030 var einnig lögð til grundvallar við endurskoðunina sem og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

## Í krafti fjölbreytileikans

Heildarstefna Reykjanesbæjar, sem ber yfirheitið *Í krafti fjölbreytileikans*, hefur tengt 12 Heimsmarkmið við stefnuáherslur sínar. Ásamt stefnunni er Heimsmarkmiðunum ætlað að varða leiðina í átt að framtíðarsýninni og hafa áhrif á starfsáætlanir og verkefnaval starfsmanna til ársins 2030. Stefnan er vísun í mikilvægi þess að virkja þann fjölbreytta mannauð sem myndar ört stækkandi samfélag í bæjarfélaginu. Stefnan samanstendur af framtíðarsýn, sex stefnuáherslum og þremur gildum. Heimsmarkmiðin eru síðan tengd hverri stefnuáherslu en þær eru; börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta. Formleg innleiðing á stefnunni hófst í ársbyrjun 2020. Sama ár lagði Reykjanesbær jafnframt upp í þá vegferð að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið nefnist Barnvænt sveitarfélag og tengist það inn í allt skólastarf bæjarins. Innleiðingin er mikilvægur áfangi í að gera bæinn að skilgreindu Barnvænu sveitarfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF. Markmiðið er að til verði heildstætt gagnasafn um stöðu barna í sveitarfélaginu og mun aðgerðaáætlun ávallt byggja á þeim. Sífelld verður rýnt í niðurstöður nýrra rannsókna, breytinga í samfélaginu og tryggt að það verði haft að leiðarljósi sem er börnum fyrir bestu. (Reykjanesbær, 2020).



Heimsmarkmiðin og áheyrslupættir barnasáttmálans tengjast skólastarfinu í Tjarnarseli. Til að mynda útinámið í náttúrulegum garði skólans og hugmyndafræðin að baki hans sem er samvinnuverkefni með fjölskyldum barnanna og nærsamfélaginu. Í tengslum við grænfánaverkefni sem tengist átthögum hefur skólinn tekið þátt í samstarfsverkefni með Garðyrkjufélagi Suðurnesja. Verkefnið felst í ræktun og umhirðu í Aldingarði æskunnar í skrúðgarði bæjarins við Sólvallagötu.

Ef horft er til þáttanna börnin mikilvægust, vellíðan íbúa og vistvænt samfélag falla þessi verkefni inn í alla þá þætti ásamt fleiri áherslupáttum skólans sbr. Heilsueflandi leikskóli, vettvangsferðir, útinám í garðinum, markvissar málörvunarstundir með áherslu á Orðaspjall og íslenskukennslu fyrir fjöltyngd börn og málörvunarstundir fyrir börn sem þurfa aukinn stuðning við að læra tungumálið.



## Með opnum hug og gleði í hjarta

Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021-2030 Með opnum hug og gleði í hjarta, er ætlað að veita þeim sem starfa með börnum og ungmennum leiðsögn og innblástur í starfinu. Stefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum. Þau varða leiðina að farsæld barna þar sem allir sem koma að menntun og uppeldi eru mikilvægir þátttakendur (Reykjanesbær, 2021).

*„Meginmarkmið menntastefnunnar er að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta.“ (Reykjanesbær, 2021).*

### Leiðarljós menntastefnunnar:

- Börnin mikilvægust
- Faglegt menntasamfélag
- Kraftur fjölbreytileikans

Jafnframt byggir stefnan á fimm megináherslum sem eiga að ná yfir þá eiginleika og hæfni sem við viljum þroska og efla hjá börnum og ungmennum í leik og starfi. Að þeim líði vel og njóti gæðamenntunar.

### Áherslurnar fimm:

- Við og jörðin
- Sköpunargleði
- Mér líður vel
- Allir með
- Opnum hugann



SKÖPUNARGLEÐI



ALLIR MEÐ



MÉR LÍÐUR VEL



VIÐ OG JÖRÐIN



OPNUM HUGANN



## Hugmyndafræði

Hugmyndafræði Tjarnarsels byggir að hluta til á kenningum bandaríska heimspekingsins og sálfræðingsins John Dewey (1859-1952) sem sagði að börn lærðu mest á því að byggja ofan á fyrri reynslu sína og öðluðust þannig óbeina menntun. Einnig að félagslegar athafnir barnsins væru lykillinn að öllum námsgreinum. Efniviður sem skólar bjóða börnum upp á taldi Dewey að ætti að tengjast umhverfi þeirra, hafa þýðingu fyrir þarfir, væntingar, áhugamál og hugsanir barnsins. Dewey sá skólann fyrir sér sem smækkaða mynd af samfélaginu. Í skólasamfélagi væri lýðræði haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfi saman og hver um sig leggi sitt af mörkum. Þar sem nemendum væri ætlað að vinna saman að viðfangsefnum sem hæfðu þroska þeirra og getu. Berjast yrði gegn þeirri hugsun að skólinn væri undirbúningur undir lífið frekar en lífið sjálft. Hann lagði áherslu á að barnið væri upptekið af því sem væri að gerast hér og nú. Það væri fyrst og fremst borgari samtímans en ekki framtíðarinnar (Jón Ólafsson, 2002; Kristín Dýrfjörð, 2006). Gefa ætti nemendum tækifæri til að kynnst lýðræðinu í raun og leggja áherslu á að efla eiginleika hjá börnum sem renni stöðum undir lýðræðislegt samfélag. Í kjölfar þessara hugmynda urðu til hans frægustu einkunnarorð, learning by doing sem hefur verið útlagt að læra í verki. Dewey lagði áherslu á að þekkingarleit væri

verklegt ferli. Þar sem nám og þekkingarleit væru nátengd hlyti nám að vera slíkt ferli. Orðasambandið learning by doing, að læra í verki, merkir því að læra eitthvað, að tileinka sér námsefni eða öðlast getu í ákveðinni grein (Dewey, J. 1933/2000a, 1938/2000b; Cuffaro, H. K., 1995; Ólafur Páll Jónsson, 2006).

Hugmyndafræði leikskólans byggir á kenningum fleiri fræðimanna og má þar helsta telja Lev Vygotsky og Ingrid Pramling. Vygotsky setti fram þrjá þætti sem gera leikinn mikilvægan fyrir barnið. Í fyrsta lagi sé hann leið barnsins til hlutbundinnar hugsunar. Í öðru lagi hjálpi leikurinn barninu til að átta sig á félagslegum reglum sem ríkja í umhverfinu og í þriðja og síðasta lagi felist mikil sjálfstjórn í leiknum. Vygotsky lagði einnig áherslu á mikilvægi fullorðinna og eldri barna í námi þeirra yngri og taldi að vitrænn þroski örvaðist í samskiptum við þroskaðri einstaklinga (Dale, E.L., 1997). Hugmyndafræði Ingrid Pramling byggist á því að kennarar vinni meðvitað og hafi áhrif á þróun þekkingar og getu barna á sem fjölbreyttastan hátt. Hún leggur áherslu á að afstaða kennara til barna skipti máli og að þeir komi til móts við barnið þar sem það er statt (Pramling, I., 2006). Við útinám og vettvangsferðir er horft til hugmynda Josep Cornell sem er þekktur fyrir að nota vettvangsferðir sem leið til að kenna börnum náttúrufræði og til að njóta og upplifa náttúruna og læra af henni. Hann sagði að við værum hluti af náttúrunni og náttúran væri hluti af okkur (Cornell, J., 1989).

## Leikur og nám

Leikurinn er þungamiðja leikskóla-starfsins, hann er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Leikurinn er megin námsleið barna og skapar þeim tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og þróa félagsleg tengsl við önnur börn (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Enginn vafi leikur á mikilvægi leiksins fyrir þroska barna, þau gleyma sér í skemmtilegum og sjálfsprottum leik sem einkennist af krafti, gleði og áhuga. Leikurinn byggir undir nám og hæfni til að takast á við áframhaldandi skólagöngu. Ef börnum leiðist læra þau lítið sem ekkert. Þess vegna er brýnt að námsumhverfi barna vekji forvitni og áhuga (Shalberg og Doyle, 2019). Í Tjarnarseli er leikurinn sem rauður þráður í gegnum allt nám og starf. Sem fyrr segir er horft til hugmynda Dewey, sem meðal annars benti á að börn lærðu mest með því að byggja ofan á fyrri reynslu sína og öðluðust þannig óbeina menntun. Einnig er litið til hugmynda Ingrid Pramling um að börn séu leikandi námsmenn (Pramling, I. 2006) og Lev Vygotsky sem jók skilning manna á mikilvægi leiksins með skrifum sínum um leikinn sem leiðandi afl í uppeldi og þroska barna (Dale, E.L., 1997).

Kenningar þessara fræðimanna birtast meðal annars í að sjálfsprottum leik er gefinn langur samfelldur tími bæði úti og inni og leitast er við að skapa umgjörð um leikinn þar sem börnin geta fylgt eftir eigin áhugahvöt hverju sinni. Fjölbreytt leikefni með áherslu á opinn og skapandi efnivið er í boði eins og kubbar af margvíslegum stærðum og gerðum, efni til listsköpunar, leir, stærðfræðileg viðfangsefni, bækur og spil. Verðlaus efniviður sem til fellur í leikskólanum og jafnvel á heimilum kennara og barna er notaður til listsköpunar sem og leikja innandyra og á útisvæði. Hópastarf er tvisvar til fjórum sinnum í viku. Markmiðið er að börn og kennarar vinni saman í litlum hópum að ákveðnum viðfangsefnum. Þegar börnin eru á síðasta árinu er hópastarfið brotið upp og unnið er í tveimur hópum. Börnin fara í léttar og leikandi Stafastundir þar sem áhersla er lögð á að kynna börnunum undraheim bókstafanna í gegnum skapandi starf og fjölbreytta leiki. Deildin vinnur saman að undirbúningi listahátíðar í maí ásamt fleiri verkefnum. Börnin eru þar virkir þátttakendur þar sem lýðræðisleg vinnubrögð og samvinna eru lykilatriði. Þau hafa áhrif á hvaða viðfangsefni verða fyrir valinu og hvaða leiðir eru farnar til að nálgast þau.

**Með því að veita börnum tækifæri til sköpunar sem byggir á forvitni, ímyndunarafli, áhuga, leit og leik öðlast þau aukna sjálfsþekkingu, hæfni og áræðni til að hafa áhrif á heiminn í kringum sig (Reykjanesbær, 2021).**



VIÐ OG JÖRÐIN



UMHVERFISVITUND

## Námsumhverfi

Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla því leikskólabörn læra bæði úti og inni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Í Tjarnarseli eru fjórar aldursskiptar deildir, Mánavellir (2-3 ára), Sólvellir (3-4 ára), Ljósvellir (4-5 ára) og Sunnavellir (5-6 ára). Deildirnar eru aldurshreinar sem þýðir að barn sem byrjar 2 ára er fyrsta árið á Mánavöllum síðan flyst það ásamt jafnöldrum sínum og kennurum á Sólvelli, þá taka Ljósvellir við og á síðasta árinu er barnið á Sunnavöllum. Deildirnar eru sniðnar að hverju aldurstigi fyrir sig varðandi aðbúnað, leikföng og viðfangsefni. Hverri deild er skipt upp í leiksvæði, heimakrók, holkubbasvæði, einingakubba, listasvæði o.s.frv. Að auki hafa börnin aðgang að Stofunni sem staðsett er miðsvæðis í skólanum og að garðinum. Stofan er matsalur fyrir tvær elstu deildirnar en hún er einnig nýtt til hópastarfs, fundarhalda og annars er til fellur. Sameiginlegt bókasafn skólans er einnig staðsett í Stofunni.

**Í Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021-2030 segir að gleðin þurfi að ríkja í umhverfi barna svo upplifun þeirra verði í senn gefandi og skemmtileg. Í Tjarnarseli er leitast við að skapa aðstæður úti og inni sem efla leik- og sköpunargleði barna og ýta undir frjóa hugsun.**

### Garðurinn okkar – útinám er áskorun og ævintýri

Verkefnið *Áskorun og ævintýri* í náttúrulegum garði skólans og í vettvangsferðum um nánasta umhverfi hans er viðamikil og tengist öllum grunnþáttum menntunar. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun frá árinu 2012 og tekur á sig nýjar myndir og aukin tækifæri á hverju ári. Verkefnastjóri tók til starfa haustið 2020 og leiðir verkefnið áfram í samvinnu við kennara og svokallað Græna teymi skólans. Markmiðið er að samtvinna alla grunnþætti menntunar við útinám með áherslu á sjálfsprottinn leik, sköpun, hreyfingu og sjálfbærni. Litið er á garðinn sem útikennslustofu í hópastarfi, vali og í útiveru barnanna.

Námargarðurinn býður upp á endalaus möguleika til náttúrufræðikennslu, sköpunar og hreyfingar. Ekki má gleyma mikilvægi leiksins í garðinum og í vettvangsferðum. Ímyndunarafli barna og leikgleði þeirra fær notið sín um leið og hreyfiproski þeirra eflist og styrkist. Sérfræðingar hafa bent á að í mörgum löndum

hafi útivera barna minnkað mikið, nánast horfið eins og dögg fyrir sólu (Rivkin, M.S. og Schein, D., 1995). Í íslenskum leikskólum er löng hefð fyrir mikilli útiveru og í þá hefð er brýnt að halda en rannsóknir sýna að útivera hefur jákvæð áhrif á þroska heilans. Jafnframt verða börn líklegri til að bera virðingu fyrir náttúrunni og umheiminum ef þau læra um náttúruna í náttúrunni. Einnig hefur verið sýnt fram á að útinám hentar börnum vel sem eiga erfitt með úthald og einbeitingu því þá fær skapandi kraftur þeirra að njóta sín betur. Litið er á garðinn, nánasta umhverfi skólans og bæinn allan sem þriðja kennarann í námi barnanna í Tjarnarseli (McNelis, Deborah, 2010).

Í útinámi liggur náttúran til grundvallar við skipulagningu kennslunnar, bæði í garðinum okkar og í vettvangsferðum hvort sem er til sköpunar, hreyfingar, til að auka heilbrigði og vellíðan, læra um sjálfbærni og vísindi, mál og læsi eða stærðfræði. Útikennsla eflir félagsfærni og andlega vellíðan, gefur tækifæri til að skoða og rannsaka, nærir sköpunarkraft og ímyndunarafli, hvetur börn til áskorana, eflir seiglu

og líkamshreyfingu (Fish, L og Bailie, P., 2018). Fjölbreyttur gróður, tré, berjarunnar, krydd- og matjurtir eru ræktaðar í beðum. Stór grjót, litlir hólar og þrautabrautir leynast víða til að efla hreyfiproska barnanna. Vatnsbrunnur og lækur er fyrir skapandi vatnsleiki og gamaldags gott drullumall.

### Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru einn af hornsteinum leikskólastarfsins í Tjarnarseli og því er litið á nágrenni leikskólans og bæjarfélagið allt sem mikilvægan þátt í námsumhverfi barnanna. Fyrstu tvö árin fara börnin í stuttar vettvangsferðir um nærumhverfið, kynnast stöðum sem eru í nálægð við leikskólann. Þau kanna meðal annars skrudgarðinn, lóðina við Myllubakkaskóla og Vatnsholtið. Með auknum aldri og þroska er farið í lengri ferðir, bæði fótgangandi og með strætó. Rík áhersla er lögð á að börnin kynnist bænum sínum á jákvæðan hátt, þekki sögu og náttúru ákveðinna svæða og njóti þeirra. Börnin kjósa gjarnan um hvert þau vilja fara og hvað þau vilja gera í vettvangsferðum.

## Daglegt líf

Þegar börnin mæta í Tjarnarsel á morgnana velja þau sér leiksvæði og koma að morgunverðarborðinu þegar þeim hentar á milli kl. 8:00-9:00.

Börnin leika sér á svæðunum og geta skipt um leiksvæði eins og hugurinn segir til um. Þau skoða valblöð sem hanga uppi á vegg, sjá hvar er laust og velja sér svæði í samræmi við það. Um klukkan 10.00 er stutt samvera þar sem allir á deildinni hittast, spjalla saman og gæða sér á ávöxtum. Að því loknu er hópastarf og útivera í náttúrulegum garði skólans. Þá er komið að hádegisverði, hvíld og samverustundum á yngri deildunum. Á eldri deildunum er boðið upp á valkróka með fjölbreyttum efniviði til sköpunar og náms á sama tíma og börnin skiptast á að fá sér að borða. Eftir góðan hádegisverð fara flestir út í garð þar sem kraftmikill leikur og útinámið blómstrar. Eftir útiveruna koma börnin inn og velja hvar þau vilja leika sér síðustu klukkutímana sem leikskólinn er opinn. Frá kl. 14.30-15.15 er boðið upp á síðdegishressingu.

Ef veður leyfir lýkur deginum í garðinum á hressandi útiveru. Ef hins vegar veður er vott og bylur á gluggum setjast kennarar og börn niður, spjalla, lesa saman, skoða bækur eða teikna en það er gott að enda daginn á ljúfum og rólegum nótum. Á yngstu deildinni eru börnin að aðlagast leikskólalífínu og fá því meiri handleiðslu kennara til dæmis í vali, samverustundum og í hópastarfi en eldri börnin.

## Aðlögun nýrra barna

Frá fyrsta degi barnsins í leikskólanum er vellíðan þess í fyrirrúmi. Aðlögunin tekur fimm daga og fer þannig fram að barnahópnum sem er að byrja, er skipt í tvo hópa sem koma á mismunandi tímum dagsins fyrstu vikuna. Aðlögunin byggir á því að foreldrar séu virkir þátttakendur þessa fyrstu daga, að þeir dvelji inni á deild, taki þátt í leik og starfi og sinni daglegum þörfum barnsins. Markmiðið er að efla tengsl foreldra og kennara og stuðla þannig að öryggi og vellíðan fjölskyldunnar.

## Leikskólamappa

Þegar barn byrjar í Tjarnarseli eru foreldrar beðnir um að koma með möppu, útbúna með mynd af barninu, fjölskyldunni og öðru því sem barninu er kært. Einnig eru foreldrar beðnir um að rita í stórum dráttum um fyrstu æviár barnsins. Markmið með möppunni er að auka vellíðan barnanna þegar þau eru að hefja skólagönguna. Það veitir tveggja ára barni öryggi að setjast niður með kennara og skoða myndir og spjalla um fjölskyldu sína, jafnframt styrkir það og eflir tengslin. Kennarar bæta svo við í möppuna listaverkum og verkefnum sem börnin gera í gegnum leikskólagönguna.



FÉLAGSFÆRNI



VIÐING



ALLIR MEÐ



MÉR LÍÐUR VEL

## Sérkennsla

Í Tjarnarseli hafa öll börn jafnan rétt til náms og börn með sérþarfir fá þjónustu og sérkennslu við hæfi hvers og eins í samvinnu við foreldra barnsins og sérkennsluráðgjafa Reykjanesbæjar, sérfræðinga á vegum fræðsluviðs Reykjanesbæjar og Ráðgjafar- og greiningarstöð, ef til þess kemur. Sérkennslustjóri starfar í Tjarnarseli og hefur yfirumsjón með sérkennslumálum innan skólans. Ef grunur vaknar hjá foreldrum eða leikskólakennurum um seinkaðan þroska hjá barni er leitað eftir sérfræðiaðstoð hjá Skólaþjónustu Reykjanesbæjar. Send er inn tilvísun þar sem vanda barnsins er lýst og í framhaldi af því er málið tekið til athugunar hjá sérfræðingum á vegum Skólaþjónustunnar. Beiðni um aðstoð og tilvísanir eru alltaf sendar í fullu samráði við foreldra.

Rík áhersla er lögð á að efla félagsþroska barna með sérþarfir og að þau aðlagist barnahópnum, þess vegna er ávallt leitast við að flétta sérkennslu inn í leik og daglegar athafnir. Félagssfærni þroskast best í samskiptum við aðra sem einkennast af velvilja og hlýju. Sérkennslan fer einnig fram í litlum hópum, sérstaklega þegar kemur að málörvun. Að auki fer hún fram í einstaklingstímum ef sérfræðingar meta að þess sé þörf. Er það gert í samráði við foreldra og alla aðra sem að barninu koma.

## Grunnþættir menntunar

Námsvið leikskóla leggja línurnar að samþættu og skapandi leikskólastarfi og taka mið af sex grunnþáttum menntunar.

**Samkvæmt sameiginlegum hluta aðalnámskrár fyrir leik- grunn og framhaldsskóla eru þeir eftirfarandi:**

- Læsi.
- Sjálfbærni.
- Lýðræði og mannréttindi.
- Jafnrétti.
- Heilbrigði og velferð.
- Sköpun.

Grunnþættirnir tengjast innbyrðis, skarast og eru háðir hver öðrum. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig þeir setja mark sitt á nám og kennslu og starfið í leikskólanum í heild sinni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

# Námssvið leikskólans

Námssvið leikskólans taka mið af grunnþáttum menntunar sem eru eftirfarandi:

- Lýðræði & jafnrétti.
- Læsi & samskipti.
- Heilbrigði & vellíðan.
- Sjálfbærni & vísindi.
- Sköpun & menning.



Námssviðin eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið. Í leikskólahluta Aðalnámskrár er fjallað um gildi leiksins, lýðræði og jafnrétti í skólastarfi. Leiðarljós fyrir leikskólastarf og áherslupættir námssviðanna endurspeglar grunnþætti menntunar. Leikskólinn er fyrsta skólastig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild (Aðalnámskrá, 2011).

Í Menntastefnu Reykjanesbæjar kemur fram að í árangursríku, virku og stýðjandi menntasamfélagi séu allir mikilvægir og þar gefist tækifæri til að þróa þekkingu, viðhorf og gild á jákvæðan hátt (Reykjanesbær, 2021). Heildarstefna Reykjanesbæjar í krafti fjölbreytileikans, stefnuáherslur Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og barnasáttmálinn ganga eins og rauður þráður í gegnum námssvið leikskólans, markmið þeirra og leiðir. Að auki er horft til nýju Menntastefnunnar **Með opnum hug og gleði í hjarta**. Stefnan inniheldur þrjú leiðarljós og fimm megin áherslur, eins og fram hefur komið (Reykjanesbær, 2021).

## Lýðræði og jafnrétti

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stöðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar. Börn eiga að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

**„Ein af grunnþörfum hverrar manneskju er að tilheyra og þess vegna þarf að skapa börnum umhverfi þar sem styrkleikar þeirra fá að njóta sín.“** (Reykjanesbær, 2021).

Í Tjarnarseli er lýðræði einn af hornsteinum skólastarfsins og fléttast inn í daglegar athafnir, leik og nám. Unnið er með lýðræði á markvissan hátt sem grundvallast meðal annars á kenningum Deweys. Leitast er við að skipuleggja daginn með þeim hætti að börnin geti að mestu haft áhrif á hvar þau leika sér og við hvern. Gefinn er langur samfelldur tími þar sem börn fara á milli svæða að eigin ósk. Boðið er upp á margvísleg leikefni sem börnin geta valið um, kubba, efni til listsköpunar, leir, spil, hlutverkaleiki og rólega leiki. Í garðinum gefast tækifæri til margvíslegrar sköpunar, ímyndunar-, ærsla- og hreyfileikja.

Haft er að leiðarljósi að börnin geti haft áhrif á nám sitt og leik úti og inni. Lögð er áhersla á að þau fái tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanatöku í leikskólanum með samræðum og oft í framhaldi af því kosningum. Börnum er kennd virk hlustun með því að hlusta á skoðanir annarra í umræðum og þau hvött til að segja sínar skoðanir. Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að kenna börnum lýðræðislegar aðferðir með ákveðnum leiðum.

Jafnréttisstefna Tjarnarsels miðar að því að öll börn skólans njóti jafnræðis. Börnum skal ekki mismunað eftir kynferði, kynþætti, þjóðerni, heilbrigði eða stéttarstöðu. Grunnurinn að jafnréttisstefnunni er að kennarar séu meðvitaðir um fjölbreytileika nemenda og gæti jafnræðis. Markmiðið með jafnréttiskennslunni er að börnin upplifi að engu máli skipti hvors kyns eða af hvaða uppruna þau eru. Öll hafi þau jöfn tækifæri.

**„Að styrkja félagsfærni með þessu marki er mikilvæg undirstaða góðra samskipta, vináttu og skilnings á öðrum sem ýtir undir vellíðan hverrar manneskju.“** (Reykjanesbær 2020; Reykjanesbær 2021).

Markmiðið með lýðræðis- og jafnréttiskennslu er:

- Að virða val og áhugamál barna og hlusta á skoðanir þeirra.
- Að kenna börnum að vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi sem virða skoðanir annarra.
- Að kenna börnunum leiðir til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á ákvarðanatöku er varða þeirra eigið líf.
- Að börn upplifi að skoðanir þeirra skipti máli og séu samfélaginu mikilvægar og hafi hugrekki til að koma þeim á framfæri.
- Að öll börn njóti jafnréttis til kennslu, umönnunar og örvunar.
- Að virða trúfrelsi og menningu barna og fjölskyldna þeirra.
- Að virða mismunandi kynþætti og viðhalda fordómaleysi barna.
- Að stuðla að jafnrétti kynjanna og hreyfa við staðalímyndum.



## Leiðir:

Börnin fara frjálst á milli leiksvæða og læra jafnhliða að virða leik annarra barna sem eru á svæðunum. Í tímum sem kennarar skipuleggja eins og í hópastarfi, vettvangsferðum og sögustundum er leitað eftir hugmyndum og skoðunum barnanna um hvernig eigi að nálgast ákveðin viðfangsefni. Þegar farið er í vettvangsferðir er oft kosið um hvert skal haldið og börnunum sýndar myndir af svæðum sem þau geta valið um. Í sögustundum er gjarnan kosið um hvaða bók börnin vilja að kennarinn lesi eða til dæmis hvort hann segi sögu eða noti sögupoka. Við slíkar kosningar skapast samræður og oft heimspekilegar vangaveltur þar sem börn læra að vera þátttakendur í hópi þar sem bæði er talað og hlustað. Börnin taka þátt í þróunarverkefnum skólans og koma þá að grunnhugmyndavinnu og setja fram sínar óskir.

Börnin eru hvött til að hafa áhrif á samfélag sitt en þau koma oft auga á það sem vel er gert eða það sem betur má fara í samfélaginu. Lýðræðislegur kennari getur hjálpað nemendum sínum að koma skoðunum sínum á framfæri og fylgja þeim eftir. Félagsfærni þroskast í samskiptum við aðra sem leggur grunn að lýðræðislegri þátttöku, vinsemd og skilningi" (Reykjanesbær, 2021).

Þegar börnunum liggur eitthvað á hjarta varðandi málefni bæjarins er pantaður viðtalstími hjá bæjarstjóra til að ræða málin og koma athugasemdam á framfæri. Síðan er málinu fylgt eftir. Þannig læra börnin lýðræði í verki og hvernig hægt er að hafa áhrif í samfélaginu.



LÆSI



FORVITNI

## Læsi og samskipti

Læsi í viðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla ber að skapa aðstæður þar sem börn fá meðal annars tækifæri til að kynna tungumálinu og möguleikum þess, njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Einnig að öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu og velta vöngum yfir eigin samfélagi, menningu og menningu annarra þjóða (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

**„Læsi er grundvöllur þess að afla sér þekkingar sem eykur víðsýni, valdeflingu og virkni fólks (Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030, Heimsmarkmið stefna Reykjanesbæjar 2020).**

Mál og læsi er annar af meginþáttum uppeldisstarfsins í Tjarnarseli ásamt vettvangs- og útinámi. „Áhersla er lögð á að skipuleggja umhverfið með þeim hætti að það örvi mál- og læsisþroska barnanna, jafnframt er því ætlað að þjóna sem snemmtæk íhlutun þ.e. að fyrirbyggja og/eða draga úr þörfum á sérkennslu og stuðningi í grunnskóla til dæmis vegna lestrarörðugleika.“

## Markmið:

- Að vekja áhuga barnanna á tal- og ritmáli og veita þeim tækifæri til að kynna því eftir margvíslegum leiðum.
- Að efla orðaforða, hlustunarskilning og frásagnarhæfni barnanna.
- Að efla hljóðkerfisvitund barnanna.
- Að efla máltjáningu barnanna.
- Að börnin kynnist táknum og hljóðum bókstafanna.

## Leiðir:

Málörvun hefst á yngstu deildinni af fullum krafti, áhersla er lögð á sögulestur, söngva og hreyfileiki og byrjað er að nota Orðaspjall til að leggja inn orð úr nánasta umhverfi barnanna. Á næstu yngstu deild læra börnin að þekkja nafnið sitt á prenti, klappa í atkvæði og leika með tungumálið eftir margvíslegum leiðum. Á eldri deildunum er unnið markvisst með hljóðkerfisvitund, hlustunarskilning, orðaforða og frásagnarhæfni. Á elstu deildinni er boðið upp á Stafastundir þar sem leikið er með nöfn og hljóð stafanna með sköpun að leiðarljósi innan- sem utandyra (sjá nánar í þemahefti um námssviðin).

**Börn þurfa að fá tækifæri til að kynna mismunandi tjáningarformum og leiðum sem eykur möguleika þeirra á að hugsa lengra og stærra" (Reykjanesbær, 2021).**

## Orðaspjall

Orðaspjall er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning leikskólabarna með bóklestri. Aðferðin hefur verið í þróun í Tjarnarseli frá haustinu 2009 og hófst með þróunarverkefninu *Bók í hönd og þér halda engin bönd*. Orðaspjallið skipar stóran sess í öllu mál og læsisstarfi skólans og fléttast inn í alla grunnþætti menntunar og daglegt starf.

Fjölmargar rannsóknir sýna að orðaforðinn er undirstaða lesskilnings og að hann tengist beint eða óbeint bókstaflega öllu sem varðar læsi á öllum aldri. Einnig hefur verið sýnt fram á í fjölda rannsókna að orðaforði barna á leikskólaárunum spáir fyrri um lesskilning og námsárangur þeirra langt fram í tímann (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2013). Þess vegna er rík áhersla lögð á að efla orðaforða barnanna í Tjarnarseli. Byrjað er á yngstu deildinni en þá er Orðaspjallið mjög myndrænt. Leikið er með orð úr nánasta umhverfi barnanna, lögð er rík áhersla á að sýna þeim myndir og leyfa þeim að skoða og handfjatla. Smátt og smátt þyngjast orðin eftir því sem börnin eldast. Barnabækur eru aðalkveikjan að því að vinna og leika með orð samkvæmt Orðaspjallsaðferðinni, en sem fyrr segir fléttast það inn í allt starfið með einum eða öðrum hætti. Tækifærin eru allt um kring og möguleikar til að læra ný og spennandi orð eru óþrjótandi. Orðin leynast allstaðar í vettvangsferðum, í listsköpun, í hlutverkaleik og í samræðum við börnin um allt milli himins og jarðar (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2013).

## Bóklestur

Gott aðgengi að bókum er hluti af mál- og læsisumhverfi leikskólans. Í Stofunni þar sem eldri börnin borða er sameiginlegt bókasafn. Einnig eru bækur inni á hverri deild og miðast bókavalið við aldur, þroska og áhuga hvers aldurstigs. Börnunum er boðið upp á daglegar lestrarstundir og jafnframt fá þau næði til að taka sér bók í hönd þegar þau langar til.

Börnin í Tjarnarseli fara reglulega í bókasafn Reykjanesbæjar sem er handan við götuna. Heimsóknin er liður í að kynna fyrir þeim starfsemi bókasafnsins. Þau læra umgengnisreglur sem þar gilda, eiga saman ánægjulegar stundir í hlýlegu umhverfi og fá bækur lánaðar til að taka með og lesa í skólanum.

## Bára hvalastelpa

Bára hvalastelpa er öflugur liðsmaður í Orðaspjallinu. Hver deild í Tjarnarseli er með Báru upp á vegg hjá sér og orðasíli til að skrifa orð á. Börnin fódra Báru með orðasílu en hún er sísvöng og mikið matargat og þarf því að fá ný orð með reglulegu millibili. Markmiðið með Báru hvalastelpu er að skapa skemmtilega leiki og fallega umgjörð í kringum Orðaspjallið sem höfðar til barna.

## Lengi býr að fyrstu gerð

Málörvun fyrir fjöltyngd börn og börn með seinkaðan málþroska Fjöltyngdum börnum og börnum með seinkaðan málþroska, sem ná ekki greiningarviðmiðum fyrir sérkennslu eða tíma hjá talmeinafræðingi, hefur fjölgað hratt í samfélaginu síðasta áratug. Þau börn fara í málörvunarstundir í litlum hópum þar sem áhersla er lögð á að efla málþroska þeirra eftir fjölbreyttum

leiðum. Meðal annars er stuðst við handbókina Lengi býr að fyrstu gerð og markvissar málörvunarstundir fyrir 2-6 ára gömul börn, sem þróaðar voru í tengslum við handbókina (Theodóra Mýrdal, 2021).

Íslenskuteymi er starfandi við skólann sem hefur það hlutverk að stýra mál og læsisstarfinu. Hlutverk þess er það fylgist með nýjustu rannsóknum, straumum og stefnum sem það miðlar áfram til kennara. Ótal rannsóknir sýna að mikill gróskutími er í þroska barna fyrstu æviárin og því ber að efla mál, vitsmuna- og hreyfiþroska þeirra eftir öllum bestu leiðum sem hugsast getur. Ein slíkra leiða er að leggja ríka áherslu á faglega uppbyggðar málörvunarstundir í leikskólum. Tungumálið er verkfæri eigin hugsunar og því samofið vitsmuna- og félagsþroska barna. Að hafa gott vald á tungumálinu varðar því leiðina að velfarnaði hvers einstaklings og þátttöku hans í samfélaginu (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2013).

## Stafastundir

Í hópastarfi með elstu börnunum er leikið með bókstafi og hljóð í svokölluðum Stafastundum. Stundirnar standa í u.þ.b. 30 mínútur, fjóra daga í viku, í sex vikur á vor- og haustönn. Bókstafirnir eru lagðir inn í gegnum leik, bóknám og sköpun ásamt áherslu á Orðaspjall og innlögn nýrra orða. Rík áhersla er lögð á hafa Stafastundirnar lifandi og leikandi, innan dyra, úti í garði og í vettvangsferðum. Markmið þeirra er að vekja athygli barnanna á ritmálinu og kveikja áhuga þeirra og forvitni á því. Meðal annars er byggt á aðferðum Helgu Sigurjónsdóttur og Josephs Cornell (Cornell, J. 1989; Helga Sigurjónsdóttir, 2004).



MÉR LÍÐUR VEL



HEILBRIGÐI



OPNUM HUGANN

## Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst, jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og aðstæður (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í Tjarnarseli fléttast heilbrigði og vellíðan inn í allt skólastarfið. Kennarar þurfa að skapa heppilegt umhverfi og vinnuaðstæður sem efla heilbrigði. Það gera þeir fyrst og fremst með því að tryggja góðan skólabrag, stuðla að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum og láta sig málefni barnanna varða.

*„Vellíðan er grundvöllur þess að börnum farnist vel, séu virk, námsfús, njóti hæfni sinnar sjálfum sér og öðrum til heilla“ (Reykjanesbær, 2021).*

## Markmið með heilbrigði og vellíðan:

- Að tryggja börnum gleði, hamingju og góða líðan.
- Að tryggja börnum jákvæða og góða fyrirmynd sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan.

- Að tryggja börnunum hollt og fjölbreytt fæði.
- Að kenna börnum að þekkja eigin heilbrigði og vellíðan.
- Að kenna börnum að tjá sig um eigin heilbrigði og vellíðan, til að þau geti haft jákvæð áhrif á eigin líf.
- Að börn upplifi að skoðanir þeirra skipti máli, séu samfélaginu mikilvægar og hafi hugrekki til að koma þeim á framfæri.
- Að veita börnunum tækifæri til að öðlast þekkingu og færni í félagslegum samskiptum.
- Að stuðla að jákvæðum samskiptum, umhyggju og tilfinningalegu jafnvægi.
- Að stuðla að jákvæðri og sterkri sjálfmynd barna.
- Að veita börnum tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar, ögrandi og krefjandi útivistar.
- Að bera virðingu fyrir einstaklingnum og tryggja lýðræðislegt sjálfstæði.
- Að veita börnum tækifæri til slökunar og hvíldar.

## Leiðir:

### Hreinlæti og snyrtimennska

Lögð er áhersla á hreinlæti, börnin þvo sér um hendur áður en borðað er og eftir salernisferðir. Þeim er tryggt næði til persónulegrar umhirðu og komið er fram við þau af virðingu og tillitsemi. Ávallt er leitast við að sýna börnunum nærgætni við viðkvæmar aðstæður.



SJÁLFBÆRNI



VIÐ OG JÖRÐIN

## Matarmenning

Hollt og gott mataræði stuðlar að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna, eykur styrk og kraft, ánægju og gleði, eins og máltækið góða segir er matur mannsins megin. Í Tjarnarseli fá börnin morgunmat, hádegisverð og síðdegishressingu. Áhersla er lögð á ferskt hráefni, fisk, kjöt, brauð, kornmeti og grænmeti og boðið er upp á ávexti milli mála. Litið er á matmálistíma sem gæðastundir sem bjóða upp á skemmtilegar samræður um gott mataræði, almenna kurteisi og mannasiði og síðast enn ekki síst um lífsins gagn og nauðsynjar. **Mikilvægt er að foreldrar upplýsi starfsfólk ef börn þeirra geta ekki borðað allan mat vegna mataróþols, menningar, trúar eða ofnæmis. Alltaf brugðist við því.**

## Stofan

Stofan er matsalur fyrir tvær elstu deildirnar. Í Stofunni er boðið upp á morgunmat, hádegisverð og síðdegishressingu. Maturinn er settur upp á langborð og skammta börnin sér sjálf og setjast þar sem hugurinn segir til hverju sinni, velja hvar þau sitja og með hverjum.

Börnin eru hvött til að spjalla saman í rólegheitum, skiptast á skoðunum og segja hvort öðru frá. Markmiðið er að efla sjálfstæði og sjálfræði barnanna.

Á yngri deildunum er annað fyrirkomulag. Á Mánavöllum borða börnin inni á deild með sínum kennara enda eru þarfir þeirra fyrirmynd sterkar á þessum aldri. Á Sólvöllum er sami háttur hafður á en eftir áramót er undirbúningur hafinn að eins fyrirkomulagi og á eldri deildunum.

## Hvöld

Hvöld er ein af grunnþörfum okkar og er hverjum manni nauðsyn. Á leikskólaaldri þurfa flest börn á hvöld að halda um miðjan daginn. Á Mánavöllum sofna flest börnin eftir hádegisverð, nokkur halda því áfram á Sólvöllum meðan önnur börn leggjast út af og hlusta á tónlist eða sögu. Á eldri deildunum er boðið upp á hvíldarstund fyrir þau börn sem vilja.

## Heilsueflandi leikskóli

Tjarnarsel er þátttakandi í þróunarstarfi Heilsueflandi leikskóla á vegum Embættis landlæknis. Því er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi. Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru heilbrigði og vellíðan skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi í sínu starfi. Mikill samhljómur er með þróunarstarfi Heilsueflandi leikskóla og grunnþættinum um heilbrigði og vellíðan. Heilsueflandi leikskóli hefur nýst Tjarnarseli sem verkfæri til að efla og styrkja grunnþáttinn enn frekar. Lögð er áhersla á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólalastarfinu.

**Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.**

Heilsueflandi leikskólar vinna eftir stefnu um heilsueflandi skólalastarf, ásamt tímasettri aðgerðaáætlun. Innan skólans starfar Heilsuteymi sem heldur utan um heilsueflinguna og setur fram stefnu sem tengist grunnþáttum menntunar. Árangurinn er metinn með reglulegu millibil með sérstökum gátlistum frá Embætti landlæknis. Í kjölfar niðurstaðna er línán lögð fyrir hvert skólaár (Embætti landlæknis, 2021).

## Sjálfbærni og vísindi

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum til að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Í leikskóla á að skapa aðstæður svo börn fái m.a. tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi. Einnig fyrir hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni, stærðfræðilegum viðfangsefnum, s.s. tölum, táknum og mynstrum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í Tjarnarseli er menntun til sjálfbærni einn af grunnþáttum leikskólalastarfsins sem stýrt er af verkefnisstjóra og Græna teyminu. Inntak sjálfbærnihugtaksins felur í sér samspil margra þátta, svo sem efnahags, samfélags, félagslegrar velferðar og umhverfisverndar. Litið er á að umhverfismennt og útinám, með beinni þátttöku nærsamfélagsins komi inn á alla þessa þætti og sé góð leið til að fræða leikskólabörnin um þá. Lögð er áhersla að flétta menntun til sjálfbærni inn í allt starf leikskólans og gefa börnum tækifæri til að takast á við verkefni sem styrkja þau til að taka þátt í sjálfbæru samfélagi.

**Formleg og óformleg menntun til sjálfbærni með áherslu á mannréttindi, frelsi og jöfnuð eykur þekkingu og færni til að bregðast við áskorunum nútímans og framtíðarinnar á valdeflandi og skapandi hátt (Reykjanabær, 2021).**

## Markmið með sjálfbærni og vísindum

- Að þroska einstaklinga til að axla ábyrgð á tilveru sinni og búa yfir þekkingu til að sjá afleiðingar gjörða sinna á komandi kynslóð.
- Að mennta gagnrýna og ábyrga einstaklinga sem láta sig umhverfið varða með góða þekkingu á eigin nærsamfélagi.
- Að börn öðlist fjölbreytta reynslu í náttúru, samfélagi og menningu.
- Að börnin fái að taka þátt í ákvörðunum í samráði við aðra um margvísleg málefni sem hafa áhrif á samfélagið og nærumhverfi þeirra.
- Að efla orðaforða barna og skilning í tengslum við sjálfbærni.
- Að ýta undir vísindalega hugsun.
- Að aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu.

## Leiðir:

Útinám og vettvangsferðir er best til þess fallið að tryggja grunnmenntun til sjálfbærni, en úti læra börnin ýmislegt sem aldrei verður numið innan húss eða af bókum. Námið þarf að vera áhugavekjandi, skemmtilegt og í tengslum við náttúru og umhverfi. Góð leið er að fara frá hinu þekkta til hins óþekkta og tengja námið persónulega við einstaklingana.

## Garðurinn okkar - handbók

Handbókin Garðurinn okkar-útinám í leikskóla er afrakstur samnefnds þróunarverkefnis sem unnið var í Tjarnarseli á árunum 2014-2015. Meginmarkmið verkefnisins var að þróa útinám allan ársins hring fyrir útileiksvæði leikskóla og útbúa handbók með hliðsjón af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá leikskóla. Innblástur verkefnisins var sóttur í árstíðirnar fjórar og sex þemu sem eru; **vatn, loft, eldur og vindur; dýralíf og gróður, þjóðhættir og menning, þroski og nám, áskorun, áhættur og skynfæri** (Inga María Ingvarsdóttir, 2017). Jafnframt var lögð áhersla á aðferðir sem byggja á lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sköpun og sjálfbærni með þátttöku foreldra, barna og starfsfólks leikskólans í samvinnu við stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök í bæjarfélaginu. Handbókin er notuð sem uppspretta fyrir útinám og kennslu í garði leikskólans.

## Vettvangsferðir

Menntun til sjálfbærni fléttast inn í vettvangsferðir, eins og annað nám í Tjarnarseli. Ferðirnar festa útvist og upplifun í sessi og umhverfið og samfélagið til leiks og náms. Vettvangsferðir skapa yfirsýn og þekkingu á breytingum í nánasta umhverfi leikskólans og eflir samskipti og samstarf við fyrirtæki, stofnanir, ýmsa samfélagshópa og einstaklinga. Í ferðunum fer fram markviss og fjölbreytt hreyfing og fræðsla í bland við uppgötvunarnám og leiki. Einnig fá börnin fá tækifæri til að taka þátt í verkefnum sem stuðla að sjálfbærni, skoða og rannsaka.

## Stærðfræði

Í Tjarnarseli er áhersla lögð á stærðfræðileg viðfangsefni eftir margvíslegum leiðum.

### Markmið með stærðfræðilegum viðfangsefnum:

- Að auka talna- og hugtakaskilning barnanna og byggja þannig upp góðan grunn fyrir frekara stærðfræðináms.
- Að efla formskynjun og rökhugsun.
- Að efla skilning á ýmsum grunnhugtökum innan stærðfræðinnar.
- Að flétta stærðfræði inn í daglegt starf og öll námssvið leikskólans.

### Leiðir:

Unnið er með stærðfræðileg viðfangsefni á öllum aldursstigum. Byrjað er á einfaldan hátt. Á yngstu deildinni er leikið með fyrstu fimm tölurnar og grunnformin, börnin kynnast meðal annars einingakubbum, stórum legó svampkubbum og legó duplo. Á næstu deildum bætast við stærðfræðileg viðfangsefni. Unnið er með mynstur, tölur, talnaskilning og fleiri form og kubbaúrvalið eykst á hverri deild, Á tveimur elstu deildunum hafa börnin aðgang að stærðfræðikrök þar sem boðið er upp á stærðfræðileg viðfangsefni með margvíslegum spilum, kubbum, perlum og verkefnum. Leitast er við að flétta stærðfræði inn í daglegar athafnir, leiki, hópastarf og vettvangsferðir. Orðaspjallið tengist inn í stærðfræðina en börnin læra stærðfræðileg hugtök og orð til dæmis fremstur, næst fremstur, minnstur, stærstur, breidd, lengd o.fl. (sjá nánar í þemahefti um Stærðfræði).

## Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín (Aðalnámskrá, 2011).

Í Tjarnarseli er sköpun einn af grunnþáttum leikskólastarfsins. Lögð er áhersla á heildarsköpunarferlið og tækifæri barna til sköpunar með því að veita þeim aðgang að listakrökum með fjölbreyttum efniviði sem staðsettir eru inn á hverri deild. Mikil sköpun fer einnig fram á kubbasvæðum, í garðinum, í vettvangsferðum og í hópastarfi og í raun í öllu leikskólastarfinu.

**Í Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021-2030 kemur fram að sköpun skulu vera órjúfanlegur þáttur í öllu starfi með börnum og birtast í fjölbreyttu samhengi, skipulagi og starfsháttum. Að í skapandi og nærandi jarðvegi blómstri nýsköpun, frumkvæði og frjó hugsun.**

Menning fléttast inn í allt starf Tjarnarsels. Hefðir og hátíðir er stór hluti af menningunni, börnin taki þátt í að móta hana og koma að skipulagningu t.d. varðandi árlegar hefðir og hátíðir með einum eða öðrum hætti.



SKÖPUN



SKÖPUNARGLEÐI



OPNUM HUGANN

### Markmið með sköpun og menningu:

- Að virða val og áhugamál barna og hlusta á skoðanir þeirra.
- Að efla gagnrýna hugsun með því að vekja áhuga og forvitni barnanna á fjölbreyttum viðfangsefnum.
- Að ýta undir uppgötvunarnám, frumkvæði og athafnaþrá barnanna.
- Að efla og virkja börnin í að tjá upplifun sína í myndlist, tónlist og leikrænni tjáningu.
- Að sköpunarferlinu fylgi gleði þar sem börnin eru hvött til frumkvæðis og fáí frjálssar hendur til að láta ljós sitt skína.
- Að börnin taki virkan þátt í að móta menningu leikskólans varðandi hefðir og hátíðir.

## Leiðir: Listakrókar

Listakrókar eru á Mána- og Sólvöllum og sameiginlegur krókur er fyrir Ljós- og Sunnucelli sem staðsettur er á Sunnucellum. Á Mánucellum er endurnýtanlegur efniviður til leikja og sköpunar ásamt grunnlitunum. Á Sólvöllum verður efniviðurinn fjölbreyttari og við bætist lím, skæri, fleiri tegundir lita o.s.frv. Á eldri deildunum eykst úrvalið enn og mikil áhersla er lögð á endurnýtanlegan efnivið, liti, lím og málningu. Einnig er boðið upp á leir og listaverkabækur til að skoða. Á yngri deildunum eru sérstakir leirkrókar en á eldri deildunum er leirinn hluti af efniviði listakróks.

## Eininga- og holkubbar

Eininga- og holkubbar eru opið og skapandi leikefni. Að hafa ríkulegan viðbótarefnivið í boði og gott aðgengi að honum ýtir undir sköpun á kubbasvæðunum. Á Mánucellum kynnast börnin stórum trékubbum sem kallast litlir holukubbar og eru eins uppbyggðir og einingakubbarnir. Á eldri deildunum eru stórir Holukubbar í boði og eru þeir gjarnan notaðir til hlutverkaleikja með búdoti og búningum. Á eldri deildunum er boðið upp á pappír og ritföng með einingakubbunum ásamt ríkulegum viðbótarefniviði.

Garðurinn í Tjarnarseli býður upp á skemmtilegan og skapandi leik þar sem áskoranir og ævintýri blómstra. Auk hefðbundins leikefnis á útisvæði er viðbótarefniviður þar spýtur, trjádrumbar, steinar, mold, vatn og endurnýtanlegur efniviðar sem til fellur, dollur úr eldhúsi, gömul plastglös, pappakassar og fleira sem gefur óendanlega möguleika til sköpunar og leiks.

Markmið um  
sjálfbæra þróun -  
áætlun til ársins 2030  
<https://www.heimsmarkmidin.is/>



FÉLAGSFÆRNI



FORVITNI



FRELSI



NÝSKÖPUN



FRUMKVÆÐI



GAGNRÝNIN  
HUGSUN



GLEÐI



SJÁLFBÆRNI



HEILBRIGÐI



JÖFNUÐUR



SAMKENND



VIÐSÝNI



FAGLEGT  
MENNTASAMFÉLAG



KRAFTUR  
FJÖLBREYTTILEIKANS



SAMVINNA



BÖRNIN  
MIKILVÆGUST



SJÁLFTAUST



VIRÐING



LÆSI



TJÁNING



SKÖPUN



VELLÍÐAN



MÉR LÍÐUR VEL



ALLIR MEÐ



OPNUM HUGANN



SKÖPUNARGLEÐI



UMHVERFISVITUND



VIÐ OG JÖRÐIN

## Mat á námi og velferð barna

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, gera og skilja. Hver leikskóli á að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni og móta sérstakt vinnulag þar um (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Ýmsar leiðir eru farnar til að meta og greina þroska barnanna. Leikskólamaþann er hluti af skráningarferli en í hana er safnað listaverkum o.fl. alla leikskólagönguna. Ljósmyndir og myndbönd úr starfinu eru eitt helsta skráningartækið og eru notaðar til að skoða og meta starfið. Fleiri matstæki eru notuð eins og Hljóm-2 sem er athugun á hljóð og málvitund og er lagt fyrir elsta árganginn að hausti. Skimunarprófið EFI-2 er lagt fyrir öll börn 3-4 ára. Ef grunur er um seinkaðan þroska svara kennarar og foreldrar matslistum frá Skólaþjónustunni í samræmi við eðli vandans og Íslenska þroskalistanum eða Íslenska smábarnalistanum. Allir foreldrar eru boðaðir í foreldrasamtal einu sinni ári. Að auki geta foreldrar alltaf óskað eftir samtali. Í foreldrasamtölunum er farið yfir þroska og líðan barnsins, sterkar hliðar þess og áherslupætti deildarinnar fyrir komandi skólaár. Einnig er rætt um mikilvægi þess að foreldrar lesi reglulega fyrir börnin sín heima til að efla orðaforða og lesskilning.



VELLÍÐAN



VIRÐING

## Fjölskyldan og leikskólinn

Líðan barns í leikskóla er samvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Þegar foreldrar og börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Þegar barn byrjar í Tjarnarseli er lögð áhersla á að skapa traust á milli foreldra, leikskólakennara og annars starfsfólks. Fyrstu dagarnir sem barnið er í aðlögun leggur grunn að góðu foreldrasamstarfi og því mikilvægt að bæði foreldrar og kennarar leggi sig fram um að kynnast hvert öðru. Tengslin aukast og styrkjast með hverju ári með daglegum samskiptum og viðburðum sem foreldrum er boðið í.

**Árlegur fjölskyldudagur í garðinum þar sem börn, fjölskyldur þeirra og kennarar vinna saman að fegrun og gróðursetningu eykur samskipti bæjarbúa um leið og miðbærinn verður grænni og áhugaverðari (Reykjanesbær, 2020).**

## Upplýsingaflæði

Ýmsar leiðir eru farnar til að efla og styrkja tengsl heimils og leikskólans og er áhersla lögð á gott upplýsingaflæði. Dagleg samskipti skipta þar mestu máli, að vel sé tekið á móti barninu og það kvatt á hlýlegan hátt eftir daginn. Einnig skiptir miklu máli að foreldrar og leikskólakennarar geti ávallt talað saman um öll mál er varða barnið og leikskólagöngu þess. Ef ræða þarf viðkvæm mál er mikilvægt að kennarar og foreldrar komi sér saman um tíma til að ræða þau.

Leitað er fjölbreyttra leiða að kynna leikskólastarfið fyrir foreldra og aðra áhugasama. Á heimasíðu Tjarnarsels <http://www.tjarnarsel.is/> koma fram allar helstu upplýsingar um leikskólann, skólanámskrár eru á síðunni, ársskýrslur, upplýsingar um þróunarverkefni o.s.frv. Allir viðburðir eru auglýstir og settar eru inn fréttir og ljósmyndir frá skólafarfinu. Foreldrar geta náð sér í svokallað Karellen app en þar er hægt að nálgast ljósmyndir frá deild barnsins og senda skólanum skilaboð t.d. ef barn er veikt eða er í leyfi. Á yngstu deildinni er appið notað til að skrá svefn og hvernig barnið borðar í hádeginu.

Tjarnarsel er með fésbókarsíðu, Leikskólinn Tjarnarsel. Reglulega eru settar inn fréttir og ljósmyndir af starfinu. Svokallaðar árgangasíður eru einnig á fésbókinni en þá eru foreldrar hverrar deildar í lokuðum hópi þar sem ýmsum fréttum og upplýsingum er komið á framfæri. Á föstudögum eru settar inn myndir og það helsta sem var á döfinni þá vikuna. Gætt er meðalhófs í myndbirtingum og ekki má birta myndir nema með sérstöku samþykki forráðamanna. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með á fésbókinni og eiga í gagnvirkum samskiptum við leikskólann.



ALLIR MEÐ

## Hefðir og hátíðir

Hefðir og hátíðir skipa veglegan sess í leikskólafarfinu og tengjast gjarnan árstíðum, hefðum og menningu bæjarfélagsins, lands og þjóðar. Lýðræðisleg þátttaka barna er mikilvæg þegar kemur að skipulagningu þessara viðburða. Leitað er eftir hugmyndum barnanna, þær ræddar og skoðaðar, hvaða vilja þau, sýna atriði, skreyta o.s.frv.

Að hausti er foreldrum boðið í vetrarkaffi í tengslum við fyrsta vetrardag og í nóvember er haldið upp á Dag íslenskrar tungu. Í desember er jóla samvera í garðinum, dansað er í kringum jólatréð, rauðklæddir sveinar kíkja við og boðið er upp á heitt kakó í útipottinum og vel skreyttar piparkökur. Í febrúar er haldið upp á dag leikskólans og þá er yfirleitt stutt í bollu- sprengi- og öskudag. Listahátíð barna er haldin hátíðleg í maí en það er samstarfsverkefni allra leikskóla bæjarins og Menningar sviðs Reykjanesbæjar. Útskriftarhátíð elstu barnanna og vorhátíð er haldin með pomp og prakt í maí og fjölskyldudagur í garðinum í byrjun júní. Að auki eru ýmsar smærri uppákomur og viðburðir með reglulegu millibili svo fátt sé talið til dæmis, dans- og söngstundir. **Stórir og smáir viðburðir brjóta upp hversdaginn, veita tilhlökkun og gleði.**

## Tengsl skólastiga

Myllubakkaskóli er heimaskóli Tjarnarsels og því er samstarfið við hann mikið og náið. Samstarfið byggir meðal annars á gagnkvæmum heimsóknum elstu barnanna og 1. bekks með reglulegu millibili allan veturinn. Deildarstjóri Sunnuvalla og yngsta stigsins í Myllubakkaskóla funda í september ár hvert til að ákveða tilhögun samstarfsins á komandi skólaári. Tjarnarsel er í góðu samstarfi við aðra grunnskóla bæjarins, sérstaklega Holtaskóla en yfirleitt fer töluvert stór hópur barna þangað. Heimsóknir og samstarf við aðra grunnskóla bæjarins helgast af því hvort einhver börn í elsta árganginum fara í þá skóla. Er þá haft samband við viðkomandi grunnskóla og óskað eftir að fá að koma í heimsókn með þau börn. Markmið með samstarfi leik- og grunnskóla er að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum og að efla skilning og faglegt samstarf á milli stiganna.

Ef barn er með sérþarfir eða hefur notið sérkennslu í leikskólanum er öllum upplýsingum og gögnum varðandi barnið komið til viðkomandi grunnskóla á sérstökum fundi er varða sérkennslubörn.

## Starfsáætlun

Starfsáætlun leikskólans kemur út að hausti fyrir hvert skólaár. Skólastjórnendur hafa umsjón með gerð áætlunarinnar þar sem ákveðnum þáttum skólustarfsins er lýst og útlistað hverjir verða áherslu- og umbótaþættir komandi starfsárs.

## Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

### Innra mat í leikskóla

Innra mati á leikskólastarfi er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólustarfs í leikskólum. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat, þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að leikskólastarfinu, stuðla að auknum gæðum í starfinu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Innra mat er fjölþætt, ákveðnir þættir starfsins eru skoðaðir. Mat fer fram á starfsmannafundum þar sem kennarar ræða ýmist í stórum eða litlum hópum ýmsa þætti starfsins og skila niðurstöðum. Símat fer fram á stjórnendafundum sem haldnir eru þrisvar í mánuði. Að auki eru rafrænar kannanir lagðar reglulega fyrir kennara þar sem einstaka þættir starfsins eru metnir. Að vori er starfsáætlun endurmetin með stjórnendum skólans á sérstökum endurmatsfundum. Jafnframt er rafræn könnun lögð fyrir alla starfsmenn skólans. Endurmat fer einnig fram í árlegum starfsmannasamtölum við deildarstjóra og leikskólastjóra.

Börnin koma einnig að mati á starfinu og tengist það lýðræðis- og jafnréttiskennslu. Þau koma að skipulagningu og endurmati á ýmsum hefðum og hátíðum, ræða til dæmis matarmenningu og breytingar í garðinum. Starfsáætlun hvers árs byggir á niðurstöðum innra mats.

### Ytra mat í leikskóla

Fræðsluskrifstofa hefur eftirlit með því að starf Tjarnarsels samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla og Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytis. Fræðsluskrifstofa hefur látið gera foreldrakönnun og starfsmannakönnun með Skólápúlsinum til að meta starfsemi leikskólanna í Reykjanesbæ annað hvert ár. Foreldrakönnunin inniheldur 16 matsþætti þar sem hver matsþáttur inniheldur nokkrar spurningar. Foreldrar og kennarar fá kynningu á niðurstöðum foreldrakönnunar og einnig má nálgast niðurstöðurnar á heimasíðu skólans. Reykjanesbær framkvæmir einnig vinnustaðagreiningar með reglulegu millibili.



## Lokaorð


Eins og fram hefur komið er þetta 3. útgáfa námskrár sem byggir á grunni Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og skólanámskrár Tjarnarsels frá 2014. Nauðsynlegt er fyrir faglegt starf og framþróun að endurskoða skólanámskrá með reglubundnu millibili. Að þessu sinni voru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og stefnuáherslur Reykjanesbæjar – í krafti fjölbreytileikans innleidd við endurskoðunina sem og ný Menntastefna Reykjanesbæjar. Stefnurnar fléttast inn í grunnþætti menntunar, markmið og leiðir. Þættirnir skarast og mótast af námsumhverfi skólans innan dyra og utan en hafa sín sér-einkenni og áherslur.

Í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna kemur fram að börnin séu mikilvægust og um það snýst skólustarfið í Tjarnarseli líkt og í öðrum skólum bæjarfélagsins.

**Allt starf með börnum og ungmönnum á að snúast um að auka farsæld þeirra og skapa aðstæður þar sem þau fá tækifæri til að vaxa og þroskast í öruggu og hvetjandi umhverfi (Reykjanesbær, 2021).**

## Heimildir

- Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2013). Orðaspjall – að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.
- Cuffaro, H. K. (1995). Experimenting with the world. John Dewey and the early childhood classroom. New York: Teachers Collage Press.
- Cornell, J. (1989). Sharing the joy and nature. Nevada City: Dawn Publications.
- Dale, E.L. (1997). Lærning og utvikling i lek og undervisning. Í I.Braten (Ritstj.), Vygotsky i pedagogikken. Gjørvik: Cappelen Akademisk Forlag.
- Dewey, J. (1933/2000a). Hugsun og menntun. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Dewey, J. (1938/2000b). Reynsla og menntun. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Fish, L & Bailie, P. (2018). Getting gifted kids outdoors: Tips for a summer of play. Parenting for High Potential.
- Embætti landlæknis (2021). Sótt af: <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>
- Helga Sigurjónsdóttir. (2004). Hljóð og stafir. Lestur, skrift, réttitun. Reykjavík: Höfundur.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2013). Málproski leikskólabarna. Í Árdís Hrönn Jónsdóttir. Orðaspjall – að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.
- Inga María Ingvarsdóttir. (2017). Garðurinn okkar – útinám í leikskóla. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.
- Jón Ólafsson. (2002). Menntun, reynsla og hugsun. Heimspækilegur pragmatismi. Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags. (179. Árgangur), 189-210.
- Kristín Dýrfjörð. (2006). Lýðræði í leikskólum. Um viðhorf leikskólakennara. Í Uppeldi og menntun – 2 hefti. Sótt af: <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20201017175131/https://netla.hi.is/greinar/2006/009/index.htm>
- McNelis, Deborah. (2010). Naturally Developing Young Brains. USA: braininsights.
- Ólafur Páll Jónsson. (2006). Lýðræði og skóli-grunnskólinn/grein. Kennaraháskóli Íslands, kenningar í félagsfræði og heimspæki menntunar.
- Pramling, I. (2006). Teaching and learning in preschool and the first years of elementary school in Sweden. Í J. Einarsdóttur og J. Wagner (Ritstj.), Nordic childhoods and early education (bls.1-13). Greenwish, Conn: Information Age Publishing Inc.
- Reykjanesbær. (2020). Heimsmarkmiðin-stefna Reykjanesbæjar. <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/verkefni/stakt-verkefni/?itemid=700a49ec-733d-11ea-9458-005056bc530c>
- Reykjanesbær. (2021). Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030. Með opnum hug og gleði í hjarta. Reykjanesbær: Reykjanesbær.
- Rivkin, M.S. & Schein, D. (2014). The great outdoors: Advocating for natural spaces for young children. Washington, DC: National Association for the Education of Young Children.
- Sahlberg, Pasi og Doyle, William. (2019). Let the children play – how more play will save our schools and help children thrive. United States of America: Oxford University Press.
- Theodóra Mýrdal (2021). Málörvunarstundir – Lengi býr að fyrstu gerð. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel.



## 3. útgáfa 2022

Leikskólinn Tjarnarsel  
Tjarnargötu 19, 230  
Reykjanesbæ  
<http://www.tjarnarsel.is>



